

Ed.

615. Nefndarálit

um frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Vér, sem háttvirt deild fal að íhuga mál þetta, ráðum henni til þess að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, er prentaðar eru á sérstöku skjali. Að því er einn nefndarmanninn (Stefán Stefánsson) snertir, er það þó bundið því skilyrði, að tillaga hans, um að málinu sé af nýju skotið til nýrrar atkvæðagreiðslu, nái fram að ganga.

Tveir nefndarmennirnir (Jósef Björnsson og Sigurður Hjörleifsson) eru þó fremur mótfallnir því, að vinsölubannið gangi ekki í gildi fyr en 1915 og greiða atkvæði sín eftir því.

Alþingi 24. apríl 1909.

Jósef Björnsson,
form.

Sigurður Hjörleifsson,
skrifari og framsögum.

Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson.

Ari Jónsson.